

Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík 12. febrúar 2019  
UST201902-096/G.R.G.  
04.02

### Umsögn - Drög að reglugerð um merkingar á umbúðum rafrettna

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að samkvæmt 31. gr. efnalaga nr. 61/2013 ber framleiðendum, innflytjendum og eftirnotendum efna og efnablandna, með samvinnu sín á milli, að flokka efni og efnablöndur með tilliti til hættu fyrir umhverfi og heilsu, svo og eðlisrænnar hættu.

Hættuflokkun er grundvöllur og forsenda merkinga á vörum sem innihalda hættuleg efni. Um hættuflokkun fer eftir reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingar og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um sama efni (CLP-reglugerðin).

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að vökvar fyrir rafrettur geta innihaldið hættuleg efni í samræmi við flokkun framangreindrar reglugerðar. Þannig flokkast níkótín ávallt sem hættulegt efni.

Að framansögðu telur Umhverfisstofnun að í reglugerðinni ætti að vísa til þess að um merkingar og umbúðir rafrettna fari einnig skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingar og umbúðir efna og efnablandna. Framleiðendum, innflytjendum og eftirnotendum ber ávallt, í samvinnu sín á milli, að meta það hvort vara sem þeir markaðssetja flokkist sem hættuleg í samræmi við efnalög. Í þessu samhengi er rétt að vekja athygli á því að hugtökin hættuleg efni, framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi eru sérstaklega skilgreind í 3. gr. efnalaga.

Verði tekið tillit til tillögunnar er Umhverfisstofnun reiðubúin að aðstoða við samningu ákvæðis þar sem vísað er til framangreinds.



Björn Gunnlaugsson  
teymisstjóri

Virðingarfyllst,



Gísli Rúnar Gíslason  
lögfræðingur